

1 HLUOTVERK


Samkvæmt lögum nr. 3/2003 með áorðnum breytingum er hlutverk Innviðasjóðs að byggja upp rannsóknainnviði á Íslandi. Innviðasjóður veitir styrki til kaupa og/eða uppbyggingar á tækjum, gagnagrunnum og hugbúnaði og öðrum þeim búnaði sem telst mikilvægur fyrir framfarir í rannsóknum.

Vísindanefnd Vísinda- og tækniráðs markar [úthlutunarstefnu Innviðasjóðs](#) og byggja reglur þessar á úthlutunarstefnu sem var samþykkt af vísindanefnd í desember 2017.

2 MARKHÓPUR

Háskólar, opinberar rannsóknastofnanir og fyrirtæki.

3 STYRKTEGUNDIR



3.1 TÆKJAKAUP

Ætlaðir til kaupa á rannsóknartækjum. Miðað er við að styrkt séu kaup á dýru tæki eða tækjasamstæðu, en ekki mörgum smátækjum.

3.2 UPPBYGGING

Þessi styrktegund er ætluð til að fjármagna uppbyggingu innviða þar með talið tækjasmíði, uppsetningu sérhæfðrar aðstöðu, uppbyggingu og/eða opnun gagnagrunna eða uppbyggingu rafrænna innviða.

3.3 AÐGENGI

Ætlaðir til að fjármagna aðgengi að innviðum sem þegar eru fyrir hendi hérlendis eða erlendis, svo sem gagnagrunnum, tækjabúnaði, sérhæfðu rannsóknarhúsnæði, hugbúnaði og rafrænum innviðum.

3.4 REKSTUR/UPPFÆRSLA

Ætlaðir til uppfærslu innviða sem þegar eru til staðar eða tímabundins reksturs á innviðum, svo sem aðstöðu, tækjabúnaði og gagnagrunnum. Geta falið í sér kaup á varahlutum eða launakostnað vegna viðhalds og reksturs.

4 ALMENN SKILYRÐI

4.1 VIÐURKENNDUR KOSTNAÐUR

- Framlag Innviðasjóðs skal að lágmarki vera 2 milljónir króna fyrir *Tækjakaup, Uppbyggingu og Uppfærslu* og getur numið allt að 75% af heildarkostnaði án virðisaukaskatts. Ekki er hægt að sækja um styrk til uppsetningar á tæki eða tækjasamstæðu sem kostar undir 2 milljónum. Ekkert lágmark er á *Aðgengisstyrk*. **Umsóknum sem ekki uppfylla ofanefnd skilyrði er vísað frá.**
- Verðtilboð frá framleiðanda/þjónustuaðila skulu fylgja með umsókn til staðfestingar á sóttri fjárhæð. Sendingarkostnaður getur ekki numið meira en 10% af heildarkostnaði og þarf að vera tiltekinn í verðtilboði. Kostnaður sem fer yfir þetta hlutfall er *ekki styrktur* og telst *ekki mótframlag*. **Fylgi verðtilboð ekki með umsókn verður henni vísað frá.**
- Hægt er að sækja um allt að 5 milljóna króna styrk vegna launakostnaðar tengdum Uppbyggingu og/eða Uppfærslu, enda sé sú upphæð í mesta lagi 75% af heildarlaunakostnaði. Sé ætlunin að sækja um launakostnað vegna rekstrar skal sýna fram á mikilvægi rannsóknainnviðar með gögnum um notkun seinustu 12 mánuði fyrir umsóknarfrest. Ef sótt er um laun verður sundurliðuð launaáætlun að fylgja umsókninni, **annars verður henni vísað frá.**
- Ef um sófnun nýrra gagna er að ræða vegna Uppbyggingar og/eða Uppfærslu á gagnagrunni er hægt að sækja um aukinn launakostnað enda fylgi umsókninni áætlun um launakostnað.
- Hægt er að sækja um fjármögnun ferðakostnaðar vegna *Aðgengis*.
- Ekki er hægt að sækja um styrk fyrir kostnaði sem greiddur hefur verið áður en styrkur er veittur.
- Verði breytingar á heildarkostnaði t.d. vegna betra tilboðs frá seljanda breytist framlag Innviðasjóðs hlutfallslega sem því nemur. Verði meiri en 5% hækkun á heildarkostnaði við kaup á innvið miðað við verð í umsókn ber styrkþega að óska eftir slíkri hækkun frá stjórn Innviðasjóðs áður en gengið er formlega frá kaupum.
- Hætti styrkþegi við fyrirhuguð kaup verður styrkur afskrifaður. Ekki er hægt að nýta veittan styrk til annarra kaupa en þeirra sem upphaflega var sótt um fyrir nema fyrir því séu sterk rök og samþykki fáið frá stjórn Innviðasjóðs.
- Gera skal í umsókn grein fyrir rekstri þeirra tækja og búnaðar sem sótt er um framlag til. Fram komi rekstrarkostnaður og fjármögnun hans; áætluð gjaldtaka af notkun ef við á; þjónustubörf við tæki, búnað og notendur og hvernig henni verður mætt; hvaða kröfur verði gerðar til notenda; þjálfun o.fl. Ekki skal reikna afskriftir með rekstrarkostnaði og gjaldtöku.

4.2 MÓTFRAMLAG UMSÆKJANDA

- Mótframlag verður að vera tryggt við umsóknarfrest og yfirlýsing þess efnis skal fylgja með umsókn. **Að öðrum kosti verður umsókn vísað frá.**
- Mótframlag er skilgreint sem hluti upphæðar í peningum. Hægt er að gefa upp vinnu við smíði tækja vegna *Uppbyggingar* sem mótframlag sé vinnan sannanlega unnin að því verkefni og verkáætlun fylgi umsókn.
- Athugið að mótframlag er að jafnaði ekki undanþegið virðisaukaskatti og bera umsækjendur ábyrgð á því að reikna hann ofan á mótframlagsupphæðina.

- Umsækjendur bera alfarið ábyrgð á að mótframlag standist kröfur sjóðsins.

5 MATSFERLI

Sérstakt fagráð metur umsóknir í Innviðasjóð áður en stjórn sjóðsins tekur þær til afgreiðslu.

Við úthlutun úr Innviðasjóði er öðru fremur tekið mið af eftirfarandi atriðum:

- Að innviðirnir séu mikilvægir fyrir framfarir í rannsóknum á Íslandi og fyrir rannsóknir umsækjenda.
- Að fjárfesting í innviðum skapi nýja möguleika til rannsókna og/eða innviðirnir tengist verkefnum sem Rannsóknasjóður eða markáætlun styrkir.
- Að samstarf verði um nýtingu innviða milli stofnana eða milli stofnana og fyrirtækja með fyrirsjáanlegum hætti.
- Að áætlanir um kostnað og fjármögnun séu raunhæfar.
- Að innviðirnir auki möguleika á menntun og þjálfun á viðkomandi fræðasviði.

Innviðir sem komið er upp með styrk frá sjóðnum skulu vera aðgengilegir öðrum rannsóknahópum eftir því sem svigrúm er til og skal sjóðnum gerð grein fyrir hvernig aðgengi verður háttáð.

Vinsamlegast athugið að umsækjendur eiga ekki undir nokkrum kringumstæðum að hafa samband við stjórnarmenn eða fagráðsmenn meðan mat umsókna fer fram. Öllum fyrirspurnum og ábendingum skal beina til Rannís. Brot á þessu ákvæði leiðir til frávísunar umsóknar.

6 SAMNINGUR

Innviðasjóður veitir styrki til háskóla, opinberra rannsóknastofnana og fyrirtækja. Áður en samningur er undirritaður þurfa þær stofnanir og fyrirtæki sem standa að innviðnum að gera með sér samstarfssamning þar sem fram kemur hvar innviðurinn verður staðsettur sem og hvernig aðgengi og rekstri verður háttáð. Í samstarfssamningnum skal einnig koma fram hvernig framkvæmdin verður fjármögnuð í heild.

Rannsóknamiðstöð Íslands gerir samning við fulltrúa styrkþega (forsvarsmann umsóknar) fyrir hönd Innviðasjóðs. Ganga skal frá samningi innan fjögurra mánaða frá tilkynningu um styrk og tækjakaupum innan eins árs ella fellur styrkur niður. Hægt er að sækja um frest til að ganga frá tækjakaupum en slíkt verður að gera formlega fyrir 1. desember 2018. Allir styrkir sem ekki er búið að semja sérstaklega um verða afskrifaðir 1. júlí 2019.

7 GREIÐSLUR OG EFTIRFYLGNI

- Tæki sem keypt eru fyrir styrk úr Innviðasjóði eru undanþegin virðisaukaskatti af framlagi sjóðsins til kaupanna (sjá 35. grein reglugerðar 630/2008 um ýmis tollfríðindi). Niðurfelling hluta virðisaukaskattsins *getur ekki talist sem mótframlag*.
- Samræmi skal vera í reikningum sem sendir eru Innviðasjóði og innviðalista í umsókn þannig að enginn vafi leiki á um hvaða hluta styrksins er að ræða.
- Innviðasjóður greiðir út sinn hluta fjármögnunar þegar reikningar og afrit af greiðslustaðfestingu úr heimabanka eða afrit af færslu úr bókhaldskerfi stofnunar hefur borist. Af hverjum reikningi er endurgreitt sem svarar til þess hlutfalls sem fram kemur í umsókn (í mesta lagi 75%). Ekki er nauðsynlegt að senda afrit af

tilboðum, tölvupóstsamskiptum eða úttektarbeiðnum nema sérstök ástæða þyki til. **Ef um launakostnað vegna söfnunar nýrra gagna við uppbyggingu og/eða uppfærslu á gagnagrunni er að ræða er hægt að fá 1/3 hluta greiddan við undirritun, 1/3 hluta þegar verkið er hálfnað og afganginn þegar launayfirlit liggur fyrir við lok verksins.**

- Ef um mörg tæki er að ræða safnar styrkþeginn saman greiðslukvittunum og styrkurinn verður borgaður út þegar allt hefur verið greitt.
- Innviðasjóður hefur ekki umsýslu með styrkfé að öðru leyti en því að greiða inn á reikning styrkhafa. Standi fleiri en ein stofnun að umsókn þurfa þær innbyrðis að ákveða hver tekur við styrknum og eru umsækjendur ábyrgir fyrir því að styrknum sé deilt milli þeirra sem koma að umsókninni.
- Starfsmönnum Rannís eða Ríkisendurskoðunar er heimilt að skoða nánar, án tilefnis, kaupferli, samskipti við seljanda og sundurliðun reikninga eftir að innviður hefur verið keyptur. Grunur um misferli verður tilkynntur stjórn Innviðasjóðs undantekningalaust.

8 STJÓRN INNVIÐASJÓÐS OG UMSÝSLA SJÓÐSINS

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar stjórn Rannsóknasjóðs til þriggja ára í senn samkvæmt tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs. Stjórn Rannsóknasjóðs fer jafnframt með stjórn Innviðasjóðs.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 3 frá 2003 um opinberan stuðning við vísindarannsóknir með áorðnum breytingum gefur stjórn sjóðsins út reglur um umsóknir, málsmeðferð þeirra og úthlutun.

RANNÍS fer með daglega umsýslu Innviðasjóðs. Steinunn S. Jakobsdóttir (steinunn.s.jakobsdottir@rannis.is) svarar almennum fyrirspurnum varðandi sjóðinn.

9 UMSÓKNARFRESTUR

Umsóknir eru rafrænar (slóðin er www.rannis.is/sjodir/umsoknarkerfi). Umsóknir þarf að senda inn fyrir kl. 16:00 þann 15. mars 2018. Rafræna kerfinu verður lokað þegar umsóknarfresturinn rennur út.

**Ekki er tekið við neinum umsóknargögnum eftir að umsóknarfresti lýkur.
Öllum ófullgerðum umsóknum er vísað frá.**

Úthlutunarstefnu Innviðasjóðs 2018 má finna á slóðinni:

<https://www.rannis.is/media/innvidasjodur/Uthlutunarstefna-Innvidasjods-2018.pdf>

Helstu breytingar:

Innviðasjóður veitir styrki til háskóla, opinberra rannsóknastofnana og fyrirtækja. Áður en samningur er undirritaður þurfa þær stofnanir og fyrirtæki sem standa að innviðnum að gera með sér samstarfssamning þar sem fram kemur hvar innviðurinn verður staðsettur sem og hvernig aðgengi og rekstri verður háttað. Í samstarfssamningnum skal einnig koma fram hvernig framkvæmdin verður fjármögnuð í heild.

Rannsóknamiðstöð Íslands gerir samning við fulltrúa styrkþega (forsvarsmann umsóknar) fyrir hönd Innviðasjóðs. Ganga skal frá samningi innan fjögurra mánaða frá tilkynningu um styrk og tækjakaupum innan eins árs ella fellur styrkur niður. Hægt er að sækja um frest til að ganga frá tækjakaupum en slíkt verður að gera formlega fyrir 1. desember 2018. Allir styrkir sem ekki er búið að semja sérstaklega um verða afskrifaðir 1. júlí 2019.

var

Rannsóknamiðstöð Íslands gerir samning við styrkþega fyrir hönd Innviðasjóðs. Í samningi skal koma fram hvernig framkvæmdin verði fjármögnuð í heild. Athygli er vakin á að allir sem komu að umsókninni, ábyrgðarmenn og aðrir sem ábyrgjast fjármögnun og rekstur innviðar, skulu skrifa undir samninginn. Jafnframt er vakin athygli á því að samningur felur í sér yfirlýsingu um hvernig samstarfi um rekstur innviðarins verði háttað. Umsækjendur geta gefið öðrum aðilum umboð til að undirrita samninginn fyrir þeirra hönd. Ganga skal frá samningi og greiðslum innan fjögurra mánaða frá tilkynningu um styrk ella fellur styrkur niður. Hægt er að sækja um frest til að ganga frá samningi og tækjakaupum en slíkt verður að gera formlega fyrir 1. október 2017. Allir styrkir sem ekki er búið að semja sérstaklega um (ýmist með samningi og/eða tækjakaupum) verða afskrifaðir 1. janúar 2018.